



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 21. nóvember 2019

SFS2019100051

175. fundur

HG/img/hts

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi leikskóla með tvo eða færri leikskólakennara

Á 172. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. október 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvort að Reykjavíkurborg reki leikskóla þar sem tveir eða færri leikskólakennarar starfa. Hversu margir eru þessir leikskólar og hafa einhverjir þeirra eitt stöðugildi leikskólakennara eða jafnvel ekkert stöðugildi leikskólakennara?

Svar:

Einn 5 deilda leikskóli er ekki með neinn starfandi leikskólakennara utan leikskólastjóra en þar eru starfsmenn með aðra uppeldismenntun á háskólastigi í 5,7 stöðugildum. Starfsmenn með aðra háskólamenntun eru 0,6, leikskólaliðar 0,83 og aðrar starfstéttir við kennslu og umönnun 16,6 stöðugildi.

Fjórir leikskólar, þar sem nú eru með á bilinu 40 til 57 börn í vistun, eru með á bilinu 0,5-1,3 stöðugildi leikskólakennara utan leikskólastjóra. Í þessum leikskólum eru 0,9-5,1 starfsmenn með aðra uppeldismenntun á háskólastigi. Starfsmenn með aðra háskólamenntun eru 1,1 - 4 stöðugildi, leikskólaliðar eru í tveimur leikskólanna í 1 og 1,3 stöðugildum og aðrar starfstéttir við kennslu og umönnun eru á bilinu 5,7 til 10,4 stöðugildi.

Í sjö leikskólum starfa 2 leikskólakennarar utan leikskólastjóra. Starfsmenn með aðra uppeldismenntun á háskólastigi eru frá því að vera 0,4 stöðugildi upp í 4,9. Þessir leikskólar eru 3, 4, 5 og 7 deilda. Starfsmenn með aðra háskólamenntun eru frá því að vera 0 til þess að vera 4,2, leikskólaliðar eru frá því að vera enginn og upp í 1,4 stöðugildi og aðrar starfstéttir við kennslu og umönnun eru annars vegar á bilinu 8,5 til 22 stöðugildi.